

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 04.05.18

Umsög Landverndar um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029. Mál 479.

Inngangur

Landvernd fagnar opinberri stefnumörkun um heildstæða uppbyggingu ferðamannastaða sem tekur mið af þeim megin sjónarmiðum að vernda skuli náttúru- og menningarminjar landsins, taka sómasamlega á móti ferðamönnum og beina þorra þeirra á nokkra vel uppbyggða ferðamannastaði. Stefnumörkun af þessu tagi er orðin löngu tímabær í ljósi gríðarlegs vaxtar í fjölda ferðamanna til landsins undanfarin ár.

Landvernd þakkar jafnframt fyrir að tillit hefur verið tekið til ýmissa athugasemda samtakanna sem gerð vöru við drög að þessari stefnumörkun, dags. 13.03.18.

Enn vantar þó að mati samtakanna skýrari sýn og ákvæði um:

- a. Hvernig byggja eigi upp fyrirhugað *net ferðamannastaða* sem taki við þorra ferðamanna. Eins og stefnan er sett virðist þetta ansi mikið vera í höndum sveitarfélaga án skýrrar leiðsagnar frá ríkisvaldinu; hvað er eðlilegt að staðirnir verði margir; hvernig á að velja þá; hvernig skal lágmarks uppbyggingu háttáð; hvernig er verkaskipting ríkis og sveitarfélaga – ef einhver – í þessari ákvarðanatöku, o.s.frv. Langflestir nýir ferðamenn til landsins á undanförunum árum eru svokallaðir þjónustusinnar sem eru á hraðferð og vilja sjá nokkra lykilstaði og kjósa þægindi. Landvernd telur að skerpa þurfi fókus á þarfar þessa hóps og forgangsraða uppbyggingu tiltölulega fárra staða sem þjóni því. Þess vegna þarf að vera til staðar skýr forgangsröðun. Hún væri auðveldari ef fókusinn væri á staði í opinberri eigu í byrjun.
- b. Ekki er minnst á hvernig friðlýstum svæðum – sem eru í forgangi – verði stýrt til framtíðar, þótt fyrir liggi vilji ríkisvaldsins til að sameina stofnanir á sviði landvörslu og náttúruverndar. Af hverju ekki ganga út frá því?
- c. Mun meira fjármagn þarf til, einkum í upphafi!! Landsáætlunin geris aðeins ráð fyrir rétt rúmum tveimur milljörðum til þriggja ára, sem er dropi í hafið miðað við knýjandi þörf.

Sértækar athugasemdir

Bls 2.

1.1 Lög og reglur um stýringu.

1.1.1 Hér þarf fella inn í texta (eða bæta við lið 1.1.5) skýrar heimildir um lokun að vori vegna náttúruverndarsjónarmiða þegar frost er að fara úr jörð og landið hvað viðkvæmast fyrir álagi, eins og dæmin sanna.

Bls 2.

1.2. Flokkun lands og staða

Hér vantar seinni lið:

“1.2.2 Á grunni ofangreinds verði mótuð hugmynd að fyrsta neti ferðamannaastaða sem nióti forgangs í uppbyggingu”

1.4.1 Hér má bæta við “...til ferðamanna og verði birtar í Handbók um merkingar á friðlöndum og ferðamannastöðum. ATH! Handbókin fjallar um útlit og ummál skiltanna en ekki innihald og framsetningu upplýsinga sem ekki er síður þörf á að staðla.

Bls 3.

2. Markmið um vernd náttúru og menningarsögulegra minja

Langtímasýn, liður a). Ath! Seinni setningin getur stangast á við hina fyrri. Ef vernd krefst algerrar friðunar (sbr. Surtsey, Eldey) er ekki um nýtingu ferðamanna að ræða. Bæta við seinni setningu. “....forangs. þar sem nýting í bágu ferðamanna er levfð verði stefnt að.... gæðum.”

Bls 5.

3.1 Reglur um öryggismál

3.1.1. Seinni setning: “Tryggður verði fullnægjandi fjöldi landvarða og hlutverk þeirra, ábyrgð og heimildir til...”

Bls. 5–7.

4. Markmið um skipulag og hönnun

Fyrsti áhersluliður undir “*Langtímasýn..*”: Hér væri eðlilegt að beina því til sveitarfélaga að þau taki mið af stefnumarkandi landsáætlun.... annars er vandséð hver tilgangur hennar er. Tillaga: “Sveitarfélög marki stefnuaðalskipulagsáætlunum, sem m.a. byggji á stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða”.

4.1. Skipulagsgerð sveitarfélaga.

Hér vantar skýrari stefnu/leiðbeiningar til sveitarfélaga af hálfu ríkisins. Hvergi er minnst á stefnumarkandi landsáætlun eða tilmælum beint til sveitarfélaga að fylgja henni? Ekkert er minnst á að sveitarfélög forgangsraði stöðum sérstaklega í net ferðamannaastaða. Landvernd spyr aftur hver tilgangur stefnumörkunarinnar er ef sveitarfélög eru algerlega óbundin af henni.

4.4.1. “Fagþekking....verði eflid...” Landvernd leggur til: “Fagþekkingverði eflid með miðlægri starfseiningu sem geti bjónað þeirri stofnun(um), og eftir atvikum sveitarfélögum og einkaaðilum, sem sinna umsjá lands, ekki síst...””. Þetta tengist vissulega hugmyndum um sameiningu ríkiseininga sem sinna umsjón lands í eina stofnun en það er jú á stefnuskrá UAR.

f.h. stjórnar Landverndar
Virðingafyllst,

Auður Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri



LANDVERND